VÍSIR

DAGBLAÐ

Ritstjóri: Hersteinn Pálsson

Auglýsingastjóri: Kristján Jónsson.

Skrifstofur: Ingólfsstræti 3

Afgreiðsla: Ingólfsstræti 3. Sími 1660 (fimm línur)

Útgefandi: BLAÐAÚTGÁFAN VÍSIR H/F

Lausasala 1 króna

Félagsprentsmiðjan h/f

Fyrirætlunum lýst.

Þegar í upphafi kosningabarátt-unnar hafði Alþýðublaðið það eftir einum helzta foringja framsóknarmanna, sjálfum Eysteini Jónssyni fjármálaráðherra, að ef bandalag framsóknar og krata fengi ekki meirihluta á þingi við kosningarnar í næsta mánuði, mundi verða leitað til kommúnista og þeir beðnir ásjár til að koma stjórn á laggirnar. Vitanlega sagði Eysteinn ekki, að leitað mundi verða til kommúnista, heldur komst hann svo að orði, að foringjar hins skelfda bandalags mundu snúa sér til verkalýðshreyfingarinnar og leita stuðnings þar fyrir væntanlega ríkisstjórn, biðja hana að koma stjórninni á laggir.

Nú er það svo, að þeir tveir flokkar, sem eiga mest ítök í verkalýðshreyfingunni, eru hvorki Framsóknarflokkurinn né Alþýðuflokkurinn, því að báðir eru þeir fyrirlitnir af henni — Framsóknarflokkurinn fyrir fjandskap við verkalýðinn, en Alþýðuflokkurinn fyrir vesaldóm sinn. Flokkarnir, sem mestu fylgi eiga að fagna meðal verkamanna, eru Sjálfstæðisflokkurinn og kommúnistar. Nú er atlögu hræðslubandalagsins fyrst og fremst beint gegn Sjálfstæðisflokknum, og eru þá ekki eftir nema kommúnistar, sem bandalagið getur leitað til í liðsbón.

Eysteinn Jónsson hefur því sannað eins greinilega og á verður kosið, að leitað muni verða til kommúnista, þeir efldir til áhrifa með því að láta þá hafa líf væntanlegrar stjórnar hræðslubandalagsins í hendi sér, annað hvort með beinum eða óbeinum stuðningi. Undir þessi ummæli framsóknarforingjans hafa svo fleiri ræðumenn bandalagsins tekið á fundum úti um landið, og síðast Gylfi Þ. Gíslason prófessor á fundi á Akureyri í byrjun vikunnar. Ætti því ekki að þurfa frekar vitnanna við um þessar fyrirætlanir hræðslubandalagsins.

Höftin við kjósendur.

Það er mjög ósennilegt, að framsóknarmenn og kratar þori að ganga til samvinnu við kommúnista, þótt aðeins væri um hlutleysi að ræða. Það mundi verða rothögg fyrir þessa flokka í næstu kosningum eftir slíka samvinnu. Er því miklu sennilegra, að flokkar þessir sé að hóta kjósendum, reyna að hræða þá til þess að greiða hræðslubandalaginu svo mörg atkvæði, að nægi því til meirihluta.

Foringjar hræðslubandalagsins segja sem svo við kjósendur: Ef þið gerið ekki svo vel að kjósa okkar þann 24 júní, þá skulum við kalla yfir ykkur áhrif kommúnista með því að mynda stjórn með þátttöku þeirra eða hlutleysi. Þið hafið því um tvennt að velja, þegar þið gangið að kjörborðinu — styðja okkur eða þið skuluð fá að kenna á því, hvað það kostar að vilja ekki veita okkur stuðning til þess að ná meiri hluta á Alþingi. Þið vitið, hvað aukin áhrif kommúnista í þjóðfélaginu þýða, svo að ykkur er nær, sjálfra ykkar vegna, að koma í veg fyrir að þau aukist með því að styðja okkur. — Það er þetta, sem hræðslubandalagsmenn segja nú við kjósendur.

Kjósendur geta svarað.

Það er sem betur fer lítill vandi fyrir kjósendur að svara þessari fyrirlitlegu hótun hræðslubandalagsins. Á það hefur verið bent hér í blaðinu, að í þessum kosningum verði fyrst og fremst um það kosið, hvort eigi að auka áhrif kommúnista eða ekki. Hræðslubandalagið getur aldrei fengið meiri hluta á þingi, svo að stuðningur við það er stuðningur við kommúnista. Menn eiga þess vegna — ef þeir vilja ekki auka áhrif kommúnista í landinu og kalla með því yfir sig glundroða og vandræði af öllu tagi — að fylkja sér einhuga um Sjálfstæðisflokkinn. Það er kosið um aukið fylgi Sjálfstæðisflokksins eða kommúnista. Valið ætti ekki að vera erfitt.

Sjötugur

Jakob Thorarensen

skáld.

Í dag á sjötugsafmæli Jakob skáld Thorarensen.

Hann er Húnvetningur, í þennan heim borinn á Fossi í Staðarhreppi, Vestur-Húnavatnssýslu. Jakob gerðist trésmiður og stundaði trésmíðaiðnina um mörg ár, einkum húsasmíði, en vakti þegar mikla athygli sem ljóðskáld, er fyrsta ljóðabók hans birtist, ljóðakverið Snæljós, sem kom fyrst út 1914. Hún var hvorki fyrirferðarmikil néskrautleg, en engum gat dulist, að hér var maður á ferð, sem bjó yfir sérkennilegri skáldgáfu, því að svo kjarnmikil voru kvæðin, að mörgum fannst helzt minna á Grím og Egil.

Ekki hefur Jakob brugðist vonum neinna, sem fengu mætur á ljóðum hans, við fyrstu kynni af Snæljósum, svo trúr og sannur hefur hann alla ævina verið sinni skáldköllun, aldrei hopað, allt af sótt fram, og er hann löngu viðurkenndur ein höfuðkempan í ljóðskáldafylkingu Íslendinga frá fyrstu tíð til vorra daga, og jafnframt hefur hann getið sér hið bezta orð sem skáldsagnahöfundur og er þar einnig í fremstu röð.

Jakob Thorarensen hefur smíðað marga góða gripi og gefið þjóð sinni og fyrir þá þakkar hún honum í dag.

A. Th.

Loftleiðabörnin koma eftir 10 daga.

Frá því var skýrt fyrir nokkru, að Loftleiðir hefðu ákveðið að bjóða 14 börnum frá Vestur-Berlín í kynnisför til Íslands.

Nánari upplýsingar hafa nú borizt í þessu sambandi, bæði um börnin sjálf og annað, er varðar heimsókn þeirra.

Börnin eru andlega og líkamlega heilbrigð og mörg þeirra hafa sýnt sérstakan dugnað eða eru búin miklum hæfileikum. Þau hafa ví bæði verið valin með hliðsjón af að þau væru fær um að þroskast af ferðinni og, að vegna örðugra aðstæðna myndu þau ekki í náinni framtíð hafa orðið fær um að gera sér mikinn dagamun.

Auk þeirrar fyrirgreiðslu, sem ákveðin er af hálfu Loftleiða meðan börnin dveljast hér hefur þeim nú verið boðið af fræðsluyfirvöldum bæjarins í skemmti- og kynnisför um Reykjavík og nágrenni. Allmargir einstaklingar hafa óskað þess að fá að hafa börnin á heimilum sínum, en nokkrum börnum er þó enn óráðstfað.

Fyrri hópurinn, sjö börn og fylgdarkonan, er væntanlegur hingað 27. þ. m.

Daufur alþýðubandalagsfundur.

Alþýðubandalagið hélt fund í Stykkishólmi nýlega og urðu daufar undirtektir.

Þar töluðu Alfreð Gíslason, Guðmundur J. Guðmundsson og Sigríður Hannesdóttir. Auk þeirra talaði Guðmundur Guðjónsson á Saurum í Helgafellssveit.

Fáir voru á fundinum og var hann mjög daufur og bragðlaus.

36,000 trjáplöntur gróðursettar að Háabjalla.

Frá starfi Fél. Suðurnesjamanna.

13. aðalfundur Félags Suðurnesjamanna í Reykjavík var haldinn þ. 25. apríl 1956.

Félagsstarfið á liðnu ári hafði verið með svipuðu fyrirkomulagi og undanfarin ár, en þó nokkuð víðtækara.

Nú hafa verið gróðursettar um 36 þúsund trjáplöntur í landi félagsins að Háabjalla suðaustur af Vogum á Suðurnesjum, og dafna þær yfirleitt vel. Sérstakt félag, er nefnist Skógræktarfélagið Háibjalli, sér um framkvæmdir framvegis.

Félagið gaf fjárupphæð, kr. 10.000.00, til Slysavarnadeildarinnar „Þorbjörn" í Grindavík, til byggingar væntanlegs stefnuvita við höfnina (Hópið) þar.

Félagið hefur ýms önnur verkefni með höndum, er átthagana varða.

Í stjórn voru kosin: Friðrik Magnússon, stórkaupm., formaður (endurkosinn), Þorsteinn Bjarnason, kennari, varaformaður, Halldór Þórarinsson, innheimtumaður, gjaldkeri (endurkosinn), Adolf Björnsson, bankastarfsmaður, ritari, og meðstjórnendur: Frú Sveiney Guðmundsdóttir (endurkosin), Jón Guðmundsson, skrifstofumaður og Þorbjörn Klemenzson húsasmíðameistari (endurkosinn).

Íslenzk kona fær gullverðlaun á alþjóðasýningu.

Íslenzk kona, frú Ásgerður E. Búadóttir hlaut gullverðlaun fyrir handofið veggklæði, er hún nefnir „Konan og fuglinn" og sýndi á alþjóða listiðnaðarsýningu í München nú í vor.

Af hálfu Íslands annaðist félagið „Íslenzk listiðn" um þátttöku í sýningunni og voru íslenzkir sýnendur alls 20 að tölu.

Um 30 lönd utan Þýzkalands tóku þátt í sýningunni, en sýningargestir voru ¼ milljón talsins eða rösklega það.

Héðan að heiman var sýnd silfur- og gullsmíði, smelt vinna, myndvefnaður, batikvinna, húsgagnasmíði, handunnar ullarvoðir, prjónles, ásaumur, trémynd og loks nokkurir gamlir smíðagripir sem þjóðminjasafnið lánaði.

Íslenzka listiðnaðardeildin vakti mikla athygli og hlaut góða dóma, jafnt almennings sem kunnáttumanna.

Frú Ásgerður E. Búadóttir, sem gullverðlaunin hlaut er Borgnesingur að uppruna og hefur stundað nám bæði við Handíða- og myndlistaskólann í Reykjavík og listaháskólann í Höfn.

Bréfaskipti

Það er orðið algengt að gömul hús sem ný séu í sameign margra, þannig að hver á sína íbúð. Í sambandi við slíkar sameignir koma ýms vandamál, eins og alltaf, þegar margir eiga eitthvað saman, og eru á stundum ekki sammála um hvernig eigi að ráðstafa sameigninni, eða fara með hana yfirleitt. Í mörgum tilfellum, þegar sambýlishús eru byggð, eru samþykktir gerðar um hegðan og umgengni manna, sem sameigendur eru bundnir af og ef til vill einhver viðurlög greind, ef brestur er á efndum. En svo er það líka algengt, að fólk kaupi íbúðir í gömlum húsum, sem seld eru þannig mörgum til þess að betra verð fáist fyrir eignina. Þetta er að verða mjög algengt í bænum. Þá er kannske engar samþykktir gerðar og menn verða að eiga það undir velsæmistilfinningu nágrannans hvernig hann hegðar sér, og sækja viðkomandi að landslögum, ef um þverbak keyrir.

Hvað er hægt að gera?

Kona nokkur, sem keypt hefur íbúð í húsi, sem nokkuð er hljóðbært, spyr mig að því og biður mig að upplýsa, hvað sé hægt að gera, ef sambýlisfólk í húsinu raskar svefnfriði nótt eftir nótt. Þessu er mjög erfitt að svara að nokkru gagni, því engar reglur munu beinlínis gilda í þessu efni. Náist ekki samkomulag með góðu — þá leið skyldu menn altlaf fara fyrst — verður friðröskunin að vera allmikil til þess að reynandi sé að sækja rétt sinn aðra leið. Annars getur röskunin á friðnum verið svo margvísleg, og jafnvel er hugsanlegt, ef sambýlismaður í húsi, jafnvel þótt eigandi sé að sinni íbúð, geti orðið svo brotlegur, að hægt sé að bera hann út úr henni. Það væri t. d. mögulegt, ef um árásir væri að ræða o. s. frv.

Er ávallt samningsatriði.

Annars er umgengni manna yfirleitt í sambýlishúsum ávallt samningsatriði, eins og t. d. hvenær ætlast er til að menn hafi hljótt um sig. Menn eru mjög misjafnir að þessu leyti, sumir vilja ganga snemma til náða, en aðrir vaka fram eftir nóttu. Síðað fólk reynir þó alltaf að sýna nágrönnum sínum nærgætni, og ekki sýnist vera ástæða til að firtast við þótt haft sé orð á því við sambýlismann, að mikill umgangur raski svefnfriði, ef komið er fram yfir miðnætti. Eins og áður er sagt er þetta mál mjög erfitt viðureignar, þegar slegið hefur í brýnu milli tveggja íbúðareigenda í sama húsi. En eina færa leiðin er samningsleiðin, ef ekki eru svo mikil brögð að, að hægt sé að láta málið ganga fyrir dómstóla. Það er aftur á móti góð og reyndar sjálfsögð regla, að enginn hávaði sé hafður í íbúðum eftir miðnætti, nema þá standi sérstaklega á, og væri hrein undantekning. — kr.